


# Fréttabréf Garðasæls

## Maí 2020



### Umferðardagar

**Dagana 4. – 6. maí** eru umferðardagar í Garðaseli en þá verður lögð áhersla á að ræða við börnin um hjól og hjálmanotkun ásamt því hvernig við notum gangbrautirnar og gangbrautarljósinn. Allt eru þetta atriði sem skipta miklu máli í öryggi barnanna í umhverfinu og því hvetjum við foreldra til að taka þátt í þessari fræðslu með börnum sínum og vera góðar fyrirmyndir.

**Hjóladagar** verða árgangaskiptir í maí. Þá rýmum við bílastæðið og börnin mega koma með hjólin sín og **hjalma** (mikilvægt að muna eftir þeim ☺). **Dagsetningar hjóladaga verða auglýstir síðar.**

### Á hjóli í skólann

Nú fer sumarið og góða veðrið að koma og þá notum við hjólin okkar meira. Ef börn koma á hjólum í leikskólann eru foreldrar beðin að geyma þau fyrir framan leikskólann en ekki inni á leikskólalóðinni. Hjól, sem eru geymd fyrir framan leikskólann, eru á ábyrgð foreldra, en fylgst er með þeim eins og kostur er.



### Heilsuskokkið

**Fimmtudaginn 7. maí kl: 9.30** verður síðara heilsuskokk skólaársins en það höfum við tengt Alþjóðadegi hreyfingar. Farið verður á íþróttasvæðið að Jaðarsbökkum og skokkað þar saman. Allir þátttakendur fá viðurkenningu í lokin og ávaxtabita til að endurnýja orkuna. Þennan dag væri gott að börnin kæmu í eða hefðu með sér **íþróttaskó** sem gott er að hlaupa í.

### Útskrift elstu barna og útskriftardagur

Vegna COVID19 verður ekki farið í útskriftarferð með næturgistingu og þurfti því að huga að annars konar viðburði og ferð sem elstu börnin munu njóta og minnast.

Farið verður í Skátaskálann í Skorradal kl: 9.00 að morgni og deginum eytt þar í skemmtilegum viðfangsefnum og samveru. Grillað verður fyrir hópinn og gott meðlæti í maga fylgir deginum fyrir börnin. Tímasetning heimkomu þennan dag verður auglýst síðar en þá geta foreldrar tekið sig saman og haft móttöku fyrir börnin sem hefur sett svo skemmtilegan svip á þennan viðburð í lífi barnanna.



Útskrift elstu barnanna verður síðan í Skorradalnum í þessari ferð og þar fá þau Útskriftarbókina sína ásamt gjöf frá leikskólanum. Myndband verður gert frá þessari stund sem foreldrar geta fengið til að njóta með börnum sínum.



### Lambaferð að Bjarteyjarsandi

Verður ekki að þessu sinni þar sem Bændasamtökin hafa hvatt sína félagsmenn til að taka ekki á móti gestum á bæi sína.

## Starfsmannahald – sumarafleysingar

**Valdís Marselía Þórðardóttir** kemur inn 18. maí í 100 % starf í sumarafleysingar og þá mætir **Arnar Már Kárason** til starfa í 100 % sumarafleysingu og byrjar hann 25. maí.

Við er heppin að fá svona frábært starfsfólk til okkar og bjóðum það velkomið til okkar í Garðasel.



## Fatnaður í hólfum og kössum

Nú þegar dagarnir hlýna væri gott að fara yfir fatahólfin og kannski mættu vetrarfötin fara heim einhverja daga og gott væri að skoða skófatnað barnanna með betra veðri. Eins er gott að kíkja yfir fatakassana og taka það sem er orðið of lítið því flestir hafa stækkað í vetur 😊

## Könnun / skráning sumarleyfa barna og skólaloka elstu barna

Foreldrar þurfa að hafa skilað inn fyrirhuguðu sumarleyfi barna sinna og skólalokum elstu barnanna **fyrir föstudaginn 8. maí.**

Minnt er á að velji foreldrar 5 vikna sumarfrí fyrir börn sín er sá tími gjaldfrjáls.

Á þessum upplýsingum byggir mönnum og skipulag skólans í sumar.

Garðasel lokar vegna  
sumarleyfa  
föstudaginn 3. júlí kl: 12.00.  
Opnum aftur þriðjudaginn 4.  
ágúst kl: 12.00



*Gleðilegt sumar*